



Reykjavík 3. október 2023

Borist hefur fyrirspurn frá heilbrigðisráðuneyti vegna þriggja þingfyrirsprurna um fæðingar og þjónustu þeim tengdum. Samantekt þessi er unnin af undirrituðum.

Spurningunum hefur verið svarað með upplýsingum fengnum beint úr gagnagrunnum, en þegar við á hefur einnig verið tekið afrit af upplýsingum sem birtust í nýlegum skýrslum um fæðingartölfræði (sjá heimildaskrá að neðan). Taka ber fram að það liggja ekki fyrir nákvæmar tölur frá Fæðingarskrá um fæðingar 2021 og 2022, þannig að uppgefnar tölur ná í flestum tilfellum fram til loka ársins 2020. Síðasta útgefna skýrsla frá Fæðingaskráningunni er fyrir árið 2020. Ekkert bendir til þess að miklar breytingar hafi orðið á þeim þáttum sem um er spurt. Til upplýsinga þá skýrist þessi töf á skýrslugerð Fæðingarskrár af breytingum á gagnaöflun sem varð vegna rafrænnar skráningar á fæðingum og þess vegna skapaðist mikil þörf á að sannreyna að tölur séu réttar.

Virðingarfyllst,

Hulda Hjartardóttir, yfirlæknir
Kvennadeild Landspítala

Alexander Kr. Smáráson, yfirlæknir
Kvennadeild SAK

Jóhanna Gunnarsdóttir, séfræðilæknir
Fæðingaskráning landlæknis


Hversu margar fæðingar hafa ár hvert síðastliðin tíu ár krafist notkunar á útgangstöng eða sogklukku? Hvernig er þetta samanborið við önnur Norðurlönd?

Hlutfall fæðinga sem urðu með sogklukku eða töng (samnefni er áhaldafæðingar) hefur verið afar stöðugt yfir 40 ára tímabil (mynd) og hefur legið milli 7-8% af öllum fæðingum undanfarin ár (tafla). Hlutfall sogklukkufæðinga af öllum fæðingum er afar svipað á Norðurlöndum og var árið 2020 lægst 6,2% (Danmörk) til 9,6% (Finnland). Fáar sem engar tangarfæðingar eru gerðar í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi og mjög lítil hluti fæðinga á Íslandi (<0,5%) og Noregi (2-3%).

Fjöldi fæðinga með sogklukku / töng

Ár	Sogklukka		Töng	
2020	345	7,7%	11	0,2%
2019	313	7,1%	14	0,3%
2018	323	7,8%	14	0,3%
2017	315	7,8%	17	0,4%
2016	310	7,8%	24	0,6%
2015	290	7,2%	19	0,5%
2014	338	7,9%	17	0,4%
2013	333	7,9%	7	0,2%
2012	349	7,8%	34	0,8%
2011	310	7,0%	14	0,3%

Hlutfall tekið af öllum fæðingum ár hvert



Mynd 7. Fjöldi og hlutfall keisara- og áhaldafæðinga af öllum fæðingum á Íslandi 1982-2020 (total number of and proportion of caesarean sections and assisted deliveries of all deliveries in Iceland 1982-2020)

Litlaflakka 9. Tömsengingilísið sýnilykist 1973-2020
Bilagatalið 9. Instrumentálförösingar 1973-2020
Appendix table 9. Instrumental deliveries 1973-2020

Vísir Ar Year	Övur sýnilykist - Andel af förosingum - Proportion of deliveries %					Ensmáskt sýnilykist - Föria förosingar - First deliveries					Fjölsýnilykist - Fjörförosingar - Forceps deliveries					Ensmáskt sýnilykist - Föria förosingar - First deliveries				
	Innskoplykist - Vásumskotaförösingar - Vacuum extractor deliveries					Kalki sýnilykist - Alla förosingar - All deliveries					Kalki sýnilykist - Alla förosingar - All deliveries					Ensmáskt sýnilykist - Föria förosingar - First deliveries				
	Tanska Denmark	Suomi Finland	Ísland Iceland	Noregi Norway	Rúss Sveigja Sweden	Tanska Denmark	Suomi Finland	Ísland Iceland	Noregi Norway	Rúss Sveigja Sweden	Tanska Denmark	Suomi Finland	Ísland Iceland	Noregi Norway	Rúss Sveigja Sweden	Tanska Denmark	Suomi Finland	Ísland Iceland	Noregi Norway	Rúss Sveigja Sweden
1973				3,3					6,3					1,9					3,6	
1976				3,7					7,0					2,5					4,7	
1977				3,8					7,1					2,8					5,0	
1978				3,9					7,3					3,0					5,6	
1979				3,4					6,4					3,5					6,5	
1980				3,3					6,3					3,8					7,2	
1981				3,2					6,5					4,0					7,9	
1982			3,2	3,1				6,0	5,8				0,8	4,0				1,4	7,8	
1983			2,9	3,4				5,8	6,4				1,3	3,9				3,0	7,3	
1984			4,1	3,4				8,3	6,4				2,2	4,1				4,4	7,7	
1985			4,5	3,7				8,7	6,7				2,8	4,3				5,2	8,0	
1986			4,6	3,9				8,8	6,9				2,8	4,5				5,6	8,3	
1987		3,5	4,1	4,1			6,8	7,6	7,8				0,3	2,6	4,6			0,6	5,6	7,8
1988		3,8	5,1	4,4			7,2	8,5	7,9				0,2	2,4	3,7			0,4	5,0	6,8
1989		3,8	5,7	4,6			7,6	11,7	8,2				0,2	1,8	3,3			0,5	5,5	6,0
1990		3,2	5,6	4,7	5,8		6,3	10,8	8,4	11,2			0,2	1,3	3,2	0,4		0,4	2,7	5,9
1991		4,8	5,9	4,4	6,1		9,2	9,8	8,1	12,0			0,3	1,6	2,9	0,5		0,5	3,0	5,4
1992		5,0	5,8	4,9	6,2		9,9	11,1	9,0	12,6			0,2	1,2	2,8	0,6		0,3	2,4	5,1
1993		5,0	6,9	4,9	6,7		9,9	13,4	8,2	13,8			0,2	0,8	2,8	0,6		0,3	1,7	6,4
1994		5,1	7,1	5,2	6,9		10,4	15,3	9,9	13,8			0,1	0,8	2,8	0,7		0,3	1,6	5,5
1995		5,0	6,1	5,4	6,9		10,0	15,5	10,1	13,5			0,1	0,6	2,5	0,6		0,3	1,1	4,9
1996		5,2	7,2	5,7	7,0		10,3	14,2	10,8	13,5			0,3	0,3	2,2	0,5		0,5	0,5	4,2
1997	8,3	5,3	7,2	6,2	7,6	15,4	10,5	13,9	11,9	14,4			0,1	0,1	0,6	2,0	0,7	0,2	0,2	1,2
1998	8,2	5,1	7,4	6,1	7,7	15,3	10,1	13,6	11,3	14,9			0,2	0,1	0,8	2,0	0,6	0,3	0,2	1,7
1999	7,8	5,6	6,4	6,1	7,8	14,4	11,0	11,4	11,4	14,9			0,1	0,1	1,1	1,9	0,5	0,2	0,2	1,1
2000	8,5	6,0	6,9	6,5	8,2	15,3	11,5	12,5	12,4	15,3			0,1	0,1	0,8	1,9	0,6	0,3	0,2	1,6
2001	8,2	5,8	6,6	6,5	8,4	15,0	11,1	12,4	12,4	15,3			0,1	0,2	0,8	1,9	0,7	0,2	0,4	1,5
2002	8,1	6,1	6,8	6,6	8,6	14,9	11,5	12,8	12,5	15,5			0,0	0,1	0,7	1,3	0,6	0,1	0,3	1,3
2003	8,0	6,4	6,3	6,9	9,0	14,9	12,0	11,2	12,8	16,4			0,1	0,1	0,9	1,2	0,5	0,1	0,1	1,7
2004	8,0	6,9	7,4	7,5	9,2	14,8	12,8	13,4	13,7	16,8			0,0	0,1	1,1	1,3	0,4	0,1	0,2	2,1
2005	8,3	7,5	6,8	7,4	9,3	15,8	13,6	12,4	13,8	17,0			0,1	0,1	1,3	1,3	0,3	0,1	0,1	2,5
2006	8,1	8,0	7,0	7,7	9,5	14,6	14,8	12,3	14,0	17,0			0,1	0,1	0,8	1,5	0,4	0,1	0,1	1,2
2007	8,2	8,2	6,6	7,7	9,8	14,9	15,2	13,5	14,1	17,3			0,1	0,0	0,6	1,5	0,3	0,1	0,1	1,4
2008	8,3	8,4	6,8	8,1	9,3	15,0	15,3	12,5	14,4	16,7			0,1	0,0	0,5	1,4	0,3	0,1	0,1	1,1
2009	8,1	8,3	6,8	8,0	9,2	14,4	15,5	12,4	14,2	16,7			0,1	0,0	0,6	1,9	0,2	0,1	0,1	1,1
2010	7,8	8,7	6,0	8,3	9,0	13,6	15,8	11,0	14,7	16,2			0,1	0,0	0,8	1,7	0,2	0,1	0,1	1,0
2011	7,8	8,6	6,9	8,5	8,7	13,4	15,8	13,5	15,2	16,0			0,1	0,0	0,3	1,7	0,2	0,1	0,1	0,8
2012	7,1	6,8	7,8	8,4	8,5	12,8	16,0	15,4	14,9	15,5			0,1	0,0	0,6	1,8	0,2	0,1	0,0	1,7
2013	7,2	8,7	7,9	8,9	7,8	12,8	15,7	14,8	15,8	14,5			0,1	0,0	0,2	1,5	0,1	0,1	0,0	0,3
2014	7,5	8,8	7,8	9,0	7,5	12,6	16,0	15,1	15,9	14,1			0,1	0,0	0,4	1,5	0,1	0,1	0,0	0,9
2015	6,8	8,2	7,2	8,6	7,1	11,9	16,4	14,3	15,3	13,2			0,1	0,0	0,5	1,7	0,1	0,1	0,0	0,8
2016	6,5	9,4	7,8	8,9	6,9	11,3	16,8	15,0	15,7	12,8			0,1	0,0	0,6	1,8	0,1	0,1	0,0	1,4
2017	6,4	8,3	7,8	8,9	6,3	11,0	16,7	15,0	15,7	11,7			0,0	0,0	0,4	1,8	0,1	0,1	0,0	0,8
2018	6,6	9,6	7,7	8,3	6,0	11,6	17,1	14,0	15,4	11,5			0,0	0,0	0,3	1,5	0,1	0,1	0,0	0,7
2019	6,3	9,8	7,2	9,0	6,1	10,8	17,5	13,5	15,7	11,8			0,0	0,0	0,3	1,4	0,1	0,1	0,0	0,7
2020	6,2	9,5	7,7	8,9	6,6	11,1	17,1	13,8	15,9	12,8			0,0	0,0	0,3	1,3	0,1	0,0	0,0	0,4

Nordic Medical Birth Register NOMBIR

https://thl.fi/documents/189940/1449591/Nordic_perinatal_appendix_tables.pdf/cf90da41-cfd0-33e2-7497-e60b85fce18a?t=1649754636241

Hversu mörg börn hafa komið í heiminn með keisaraskurðaþerð árlega síðastliðin tíu ár?
Hversu margir þeirra voru bráðaaðgerðir? Hver er þessi fjöldi samanborið við önnur Norðurlönd?

Hversu margar valkvæðar keisaraskurðaþerðir hafa verið framkvæmdar á hverju ári síðastliðin tíu ár? Hver er sá fjöldi samanborið við önnur Norðurlönd?

Venjan er að telja fjölda fæðinga fremur en börn sem fæðast með keisaraskurði þar sem inngripið hefur í flestum tilfellum meiri áhrif á móðurina en barnið. Fjöldi fæðinga á árunum 2011 til 2020 með valkvæðum keisaraskurði voru árlega á milli 240 og 282 talsins en bráðakeisarar á milli 393 og 465. Hlutfall keisaraskurða af öllum fæðingum er sambærilegt við önnur Norðurlönd og er sérstaklega líkt hlutfalli keisara í Noregi.


Fjöldi keisaraskurða

Ár	Valkeisari		Bráðakeisari	
2020	254	5,7%	465	10,4%
2019	282	6,4%	428	9,8%
2018	277	6,7%	395	9,5%
2017	259	6,4%	393	9,8%
2016	258	6,5%	420	10,6%
2015	253	6,3%	404	10,0%
2014	256	6,0%	412	9,6%
2013	256	6,0%	399	9,4%
2012	246	5,5%	439	9,9%
2011	240	5,4%	421	9,5%


Fjöldi fæðinga á Íslandi

Ár	Fæðingar	Börn
2020	4456	4509
2019	4385	4454
2018	4162	4217
2017	4019	4075
2016	3968	4039
2015	4026	4098
2014	4292	4363
2013	4236	4307
2012	4450	4517
2011	4421	4480


Hlutfall tekið af öllum fæðingum ár hvert



Mynd 8. Hlutfall bráða- og valkeisaraskurða af heildarfjölda fæðinga, 2007-2020 (the proportion of emergency and elective cesarian sections, 2007-2020)



Mynd 11. Hlutfall keisaraskurða af öllum fæðingum í löndum innan Evrópu árið 2019.



Mynd 12. Hlutfall valkeisara og bráðakeisara af öllum fæðingum í löndum innan Evrópu árið 2019.

Talnabrunnur, 16. árgangur. 10. tölublað. Nóvember 2022

https://www.europeristat.com/images/Euro-Peristat_Fact_sheets_2022_for_upload.pdf

Hvaða verklagsreglur gilda þegar metið er hvort konur skuli gangast undir keisaraskurð? Hvernig eru þær verklagsreglur samanborið við önnur Norðurlönd?

Margar ábendingar geta verið fyrir því að gerður er keisaraskurður.

Bráðakeisaraskurður í fæðingu í flestum tilfellum vegna annað hvort merkja um yfirvofandi fósturstreitu eða ónógs framgangs í fæðingu. Afar margir þættir liggja til grundvallar ákvörðun um bráðakeisaraskurð og verklag er þannig skráð í fjölmargar verklagsreglur, sem dæmi eftirfarandi: Bráðleiki keisaraskurða (flokkun og útköll), eðlileg fæðing (skilgreining á ramma þess óeðlilega), samráð ljósmæðra og lækna, túlkun á fósturhjartsláttarritum (merkjum fósturstreitu), verklag um fyrirbyggju í fæðingu þegar hætta á inngripum er aukin og hita í fæðingu, en þessi er alls ekki tæmandi listi. Hér liggur að baki langt nám og þjálfun ljósmæðra og fæðingalækna. Sérfræðilæknir tekur ákvörðun um bráðakeisara í samráði við verðandi foreldra og ljósmóður. Stór hluti fæðingarlækna á Íslandi hafa stundað sérnám á öðrum Norðurlöndum og þannig byggir það verklag sem viðhaft er hérlendis mikið á því sem gengur og gerist á hinum Norðurlöndunum. Þetta endurspeglast jafnframt í mjög svipuðu hlutfalli keisaraskurða hér og á Norðurlöndum.


Varðandi valkeisaraskurði (elective) þá gildir það sama að erfitt er í stuttu máli að lýsa því verklagi sem liggur til grundvallar ákvörðun um valkeisaraskurð. Hinsvegar eru algengustu ástæður valkeisaraskurðar fyrri keisaraskurður, sitjandastaða fósturs, tvíburar eða erfiðleikar í fyrri fæðingu. Oft eru því fyrri fæðingarferli og útkomur til skoðunar, en frávik í fyrri fæðingu hafa oft afgerandi áhrif á ákvörðun um fæðingarmáta þegar endurtekningarhætta er talin vera til staðar. Unnið er út frá því að lækisfræðileg ábending liggja fyrir um valkeisaraskurði. Mjög sjaldan er gerður keisaraskurður einungis að beiðni móður þ.e. að engin viðurkennd lækisfræðileg ástæða sé til staðar.

Hversu margar fæðingar hafa verið árlega síðastliðin tíu ár á Íslandi, sundurliðað eftir sjúkrastofnun og eftir því hvort um fyrsta barn er að ræða?

Fæðingar á Íslandi hafa verið milli 4000 og 4500 síðasta áratug. Sjá má heildarfjölda fæðinga eftir fæðingarstað hér að neðan og hlutfall fyrstu fæðinga (frumbyrja) af öllum fæðingum hefur hækkað í seinni tíð. Þörf á fæðingahjálp sérfræðilæknis er meiri við fyrstu fæðingu en síðari fæðingar og þar af leiðandi er hlutfall fjölbyrja að jafnaði hærra á ljósmæðrareknum einingum.

Fæðingastaður	2011 Fjöldi	Frumb(%)	2012 Fjöldi	Frumb(%)	2013 Fjöldi	Frumb(%)	2014 Fjöldi	Frumb(%)	2015 Fjöldi	Frumb(%)	2016 Fjöldi	Frumb(%)	2017 Fjöldi	Frumb(%)	2018 Fjöldi	Frumb(%)	2019 Fjöldi	Frumb(%)	2020 Fjöldi	Frumb(%)	2021 Fjöldi	Frumb(%)	2022 Fjöldi	Frumb(%)	
Landsþítali Háskólasjúkrahús	3.241	40	3.265	43	3.229	42	3.167	42	3.037	42	2.939	42	2.987	44	3.088	48	3.207	45	3.285	49	3.456	49	3109	45	
Sjúkrahúsið á Akureyri	393	40	474	38	404	36	439	41	377	32	389	34	377	37	388	38	403	47	392	43	488	38	431	43	
Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi	300	41	281	38	224	38	269	36	259	39	291	38	288	44	316	45	348	44	315	49	338	42	325	44	
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	138	27	113	35	83	30	103	34	82	44	82	26	100	32	78	31	104	26	112	33	134	26	115	26	
Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Selfossi*	91	27	61	33	58	36	82	28	65	34	58	16	72	25	51	31	70	17	47	32	78	24	64	25	
Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Vestm.eyjum	36	28	21	14	25	24	9	22	3	0	3	0	3	66	1	0	2	0	3	0	*	*	*	*	
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Ísafelli	59	41	45	29	37	32	39	15	40	28	35	29	30	37	33	30	33	36	29	20	32	34	24	50	
Heilbrigðisstofnun Austurlands, Neskaupstað	63	37	78	33	84	37	78	35	85	27	76	29	55	25	71	34	71	28	56	25	61	39	55	25	
Þjáknir fæðingastofna													24	50	50	40	64	45	87	31	78	32	77	16	
Fæðingahemili Reykjavíkur																								9	67
Heimafæðingar	94	15	99	15	81	15	93	17	74	14	85	11	79	16	76	12	75	15	119	18	157	17	124	16	
Á leið á fæðingastað	1	0	3	0	8	25	8	0	3	0	10	10	2	0	9	11	7	0	9	22	6	0	6	178	
Aðrir stofnanir, ekki fæðingastofnun	5	20	10	0	3	0	5	0	1	0	0	0	2	0	1	0	2	50	2	0					
Samtals	4.421		4.450		4.236		4.292		4.026		3.968		4.019		4.162		4.382		4.456		4.828		4.539		



Gögn frá Fæðingaskráningunni sept. 2023.



Mynd 2. Þróun á hlutfalli frum- og fjölbyrja á Íslandi, 2001-2020 (*the development of the proportion of primi- and multipara in Iceland, 2001-2020*)

Hversu mörg sjúkraflug var farið í árlega síðastliðin tíu ár vegna fæðinga eða vandkvæða eftir fæðingar?

Í rannsókn okkar um sjúkraflug á Íslandi 2012-2020¹, kom í ljós að sjúkraflug með konur á barnseignaldri eru talsvert algengari en hjá körlum á sama aldri og þegar skráðar ástæður útkalla voru skoðaða sást að 3,6% af öllum sjúkraflugum voru vegna meðgöngu eða fæðingar. Það er nálægt því að vera 30 tilfelli á ári. Flest útköll sem eru flokkuð svona eru vegna ástands á meðgöngu (t.d. meðgöngueitrun eða blæðing) eða hótandi fæðingar. Það hefur ekki átt sér stað fæðing um borð í sjúkraflugvél á síðustu 10 árum, en að minnsta kosti ein fæðing á flugvelli fyrir brottför. Við búum við það ástand að sjúkraskráning utan spítala er ekki á rafrænu formi. Upplýsingar um hvern sjúkling eru skráðar í pappírssjúkraskrá sem er varðveitt í möppu. Hluti þessara upplýsinga, til dæmis flutningsástæður, er færður inn í ófullkomið tölvukerfi sem er alveg ótengt Sögu sjúkraskrárkerfi. Nánari upplýsingar um fjölda og ástæður sjúkrafluga vegna fæðinga eða vandkvæða eftir fæðingar er aðeins hægt að nálgast með óheyrilega mikilli vinnu.



1. Gunnarsson B, Bjornsdottir KM, Duason S. [Air ambulance service from Akureyri, Iceland 2012-2020]. Laeknabladid. 2022;108(3):137-42.


Hversu margar fæðingar árlega síðastliðin tíu ár hafa verið skilgreindar sem flóknar eða erfiðar fæðingar? Er fjöldinn sambærilegur við önnur Norðurlönd?

Skilgreina má flókna eða erfiða fæðingu á mismunandi hátt og þá skiptir máli frá hvaða sjónarhóli málið er skoðað. Þannig er erfitt að svara spurningunni. Segja má að fæðing um leggöng án aðstoðar með áhöldum eða keisaraskurði sé jákvæð útkoma frá sjónarhóli fæðingarlæknis, þar sem líkur á fylgikvillum í næstkomandi fæðingum eru þá litlar. Yfirlit yfir fjölda inngripa árið 2020 fyrir hvern fæðingarstað sést hér fyrir neðan og draga má þann fjölda frá heildarfjölda fæðinga hér að ofan. Hlutfallslega eru eðlilegar fæðingar um leggöng án áhalda þannig um 70-75% af öllum fæðingu, aðeins mismunandi eftir fæðingarstöðum. Þetta ber að túlka í því ljósi að fyrir fæðingu fer fram mat á áhættu á líkum á fósturstreitum og öðrum vandamálum sem gætu gert fæðinguna erfiðari og af sömu ástæðum er hlutfall frumbyrja einnig mismunandi eftir stöðum.

Tafla 8. Yfirlit yfir fæðingaraðgerðir á landsvísu og á helstu fæðingastöðum árið 2020 (*operative deliveries, emergency and elective cesarean section, vacuum extraction and forceps deliveries by place of delivery 2020*)

Fæðingarstaður Place of delivery	Allir keisarar All cesarians		Valkeisarar Elective cesarians		Bráðakeisarar Emergency cesarians		Sogklukka Vacuum extractions		Tangarfæðing Forceps	
	n	%*	n	%	n	%	n	%	n	%
Landspítalinn	589	17,9	198	6,0	391	11,9	291	8,9	11	0,3
Sjúkrahúsið á Akureyri	66	16,8	27	6,9	39	9,9	29	7,4		0,0
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	50	15,9	24	7,6	26	8,3	16	5,1		0,0
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	0	0,0	0	0,0	0	0,0	2	1,8		0,0
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	6	20,7	2	6,9	4	13,8	2	6,9		0,0
Heilbrigðisstofnun Austurlands	8	14,3	3	5,4	5	8,9	4	7,1		0,0
Á leið á fæðingastað							1	1,1		
Samtals - Total	719	16,1	254	5,7	465	10,4	345	7,8	11	0,2

*Hlutfallstölur miðaðar við heildarfjölda fæðinga á hverjum stað



ICD-10 kóðar O83.8 og NCSP kóðar MASC00, MAXC02, MAXC09.

Mynd 3. Framköllun fæðinga, 2001-2020 (*Induction of labor, 2001-2020*).

Fleiri fæðingar eru framkallaðar í dag en áður. Ábendingum fyrir framköllun hefur fjölgað og má þar sérlega nefna að ekki er talið ráðlegt að konur gangi eins langt fram yfir settan dag og áður og mun fleiri konur eru greindar í dag með meðgöngusykursýki. Þessar fæðingar taka lengri tíma og krefjast því fleira starfsfólks og betri aðstöðu á fæðingadeildum. Inngrip verða fleiri eins og mænurótardeyging en hinsvegar virðist áhaldafæðingum og keisaraskurðum ekki fjölga.

Á Landspítala er notast við árangursmæla þar sem fæðing án fylgikvilla hefur verið skilgreind á eftirfarandi hátt: Leggangafæðing á spræku barni án áhalds og án alvarlegs spangaráverka eða spangarklippingar og án ríkulegrar blæðingar eftir fæðingu.

Nánar tiltekið: Fæðing með greiningarnúmerum O80.0, O80.1, O80.8, O80.9.


Útilokar fæðingar með greiningarnúmer O70.2, O70.3, O72.0, O72.1, O36.4.

Útilokar fæðingar með aðgerðarnúmer MAXX00, MBSC33.

Útilokar fæðingar barna sem fengu Apgar <7 eftir 5 mín eða voru lögð inn á vökudeild.

Þegar tekið er mið af þessari skilgreiningu þá eru nú kringum 50% fæðinga án inngrípa og/eða fylgikvilla en hlutfallið er án efa hærra á fæðingarstöðum þar sem hlutfall mæðra sem hafa áhættuþætti við upphaf fæðingar er lægra.

Verðandi mæðrum sem teljast í aukinni áhættu er sérstaklega vísað á Sjúkrahúsið á Akureyri og Landspítala til fæðingar, sjá leiðbeiningar um val á fæðingarstað sem nú eru í endurskoðun. https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/4v6kB7GjGdf3GricqPhuBR/7914fb0e11440bb2cffc40739fd3f528/Lei_beiningar_um_val_f_ingarsta_2007.pdf



Svara mætti spurningunni nánar ef rammi hennar verður þrengdur betur, til dæmis við nákvæmar útkomur nýbura eða sértæka fylgikvilla mæðra.

Hver er þróun meðalsængurlegutíma síðastliðin tíu ár, sundurliðað eftir sjúkrastofnun? Er hún sambærileg við önnur Norðurlönd?

Það er erfitt að svara þessari spurningu nákvæmlega. Því til dæmis á SAK greina kerfin ekki milli mismunandi ástæða fyrir innlögn á fæðingadeild. Stærsti hópurinn er þó konur sem leggjast inn til fæðingar og sængurlegu. Aðrar ástæður geta verið til dæmis fósturlát, utanlegspungun og meðgöngueitrun. Meðal legutími hefur styst verulega á síðustu árum og skiptir þar mestu máli heimaþjónusta ljósmæðra eftir fæðingu.

Tölur frá Meðgöngu- og sængurelgudeild 22-A á Landspítala taka til innlagna sem tengjast fæðingum en ekki er hægt að aðgreina hvaða hluti legunnar tengdist innlögn fyrir fæðingu. Hins vegar er það aðeins lítill hluti af þeim fjölda kvenna sem dvelja á deildinni í tengslum við fæðingu sem hafa einnig dvalið þar fyrir fæðinguna. Eins og sjá má er tími sængurlegu styttri en þær tölur

sem gefnar eru upp á SAK. Eins og greint er frá hér að ofan kann það e.t.v. að skýrast að einhverju leyti af öðrum legum en þeim sem tengjast fæðingunni sjálfri í tölum SAK.

Ekki er hægt að bera þessar tölur saman við Norðurlöndin, engin samræmd gögn til um það svo vitað sé. Hins vegar er sængurlega þar oft lengri þar sem Ísland hefur sérstöðu hvað varðar heimaþjónustu ljósmæðra.

		Meðgöngu- og sængurlegudeild (22-A)	
		Ár útskriftar	Meðallegutími
Fæðingadeild SAK		2013	2,5
Ár	Meðal legutími í dögum	2014	1,6
2013	2,37	2015	1,5
2014	2,47	2016	1,5
2015	2,21	2017	1,4
2016	2,30	2018	1,3
2017	2,26	2019	1,4
2018	2,17	2020	1,2
2019	2,17	2021	1,3
2020	1,95	2022	1,4
2021	1,80	2023	1,4
2022	1,80		
2023	1,87		

Hversu margar fæðingar árlega síðastliðin tíu ár hafa staðið lengur yfir en 24 tíma frá því að mæður eru skráðar í innlögn? Hvernig er það samanborið við önnur Norðurlönd?

Til að svara spurningunni þarf að gera gagnauttekt frá mörgum gagnagrunnum. Gæði skráningar á upphafi virkrar fæðingarsóttar hefur ekki verið kannað auk þess sem það gæti verið mismunandi hvort innlögn er skráð/ekki skráð við upphaf framköllunar fæðingar þar sem hluti af ferlinu fer fram heima. Upplýsingar eða skráning er ekki talin nægjanlega góð svo hægt sé að svara þessu með góðu móti.

Hversu margar mæður á hverju ári síðastliðin 10 ár á Íslandi hafa hlotið örorku eftir barnsburð? Hvernig er fjöldinn samanborið við annars staðar á Norðurlöndum?

Því miður þá höfum við ekki þessar tölur á Landspítala eða Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Hversu margar mæður á hverju ári síðastliðin 10 ár á Íslandi hafa látist eftir barnsburð? Hvernig er fjöldinn samanborið við annars staðar á Norðurlöndum?

Í nýlegri grein í læknablaðinu er greint frá mæðradauða á Íslandi 1976-2015.

Tíðni mæðradauða samkvæmt þrengri skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar var þessi


40 ár 8,1 fyrir 100.000 fæðingar en var aðeins 2,2 fyrir hverjar 100.000 fæðingar síðustu 10 árin sem er mjög lág tíðni. Miðað við tæpar 4-5000 fæðingar á ári þá erum við að missa 1 konu á Íslandi á rúmlega 10 ára fresti að meðaltali.

<https://www.laeknabladid.is/media/2023-03/f02.pdf>

Varðandi samanburð við önnur lönd þá fylgir tafla úr Europeristat skýrslu frá 2015. Þar má sjá Norðurlöndin og önnur Evrópu ríki.

Þarna eru tölur fyrir 2011-2015 en ekki er ljóst hvers vegna stemmir ekki allveg við fyrrnefnda grein til dæmis hvort munur sé á skilgreiningum eða að dauðsfall hafi fallið innan þessara ára. Allavega er ljóst að Ísland stendur vel í alþjóðlegum samanburði.

Figure C6.1. Maternal mortality ratios with 95% confidence intervals, 2011-2015 (except where noted)



European perinatal health report 2015

https://www.europeristat.com/images/EPHR2015_web_hyperlinked_Euro-Peristat.pdf

Hversu margar mæður á hverju ári síðastliðin 10 ár á Íslandi hafa verið lagðar inn vegna mikils blóðmissis við fæðingu? Hvernig er fjöldinn samanborið við annars staðar á Norðurlöndum?

Því miður er ekki hægt að svara þessari spurning nema með umfangmikilli skoðun á gagnagrunnum. Við teljum þó að það séu fáar konur sem koma í endurinnlögn vegna mikilla blæðinga eftir fæðingu þ.e. eftir að þær hafa verið útskrifaðar heim eftir fæðingu og sængurlegu. Slík vandamál hafa oftast verið leyst áður en konan fer heim af sjúkrastofnun.

Blæðing eftir fæðingu er stórt heilbrigðisvandamál og ein af stærri ástæðum mæðradauða í heiminum. Samkvæmt grein sem vitnað er í að ofan hefur engin kona dáið á Íslandi í 50 ár vegna blæðingar eftir fæðingu. Við vísum annars í nýlega íslenska grein um blæðingar eftir fæðingu.

Þar kemur fram að fleiri konur blæða meira en 1000ml eftir fæðingu í seinni tíð og má vera að lýðheilsufræðilegir þættir eins og offita og fjölgun inngripa í fæðingar skipti þar máli. Erfitt er að bera saman við önnur lönd en það er þó reynt í greininni.

<https://www.laeknabladid.is/media/2023-0708/f01.pdf>

Hver er tíðni burðarmálsdauða á hverju ári síðastliðin 10 ár á Íslandi sundurliðað eftir sjúkrastofnunum? Hvernig er tíðnin samanborið við annars staðar á Norðurlöndum?

Meðfylgjandi eru upplýsingar úr skýrslufæðingarskráningarinnar og samanburð við önnur Norðurlönd samkvæmt skýrslu frá NOMBIR

Ekki er mögulegt eða heldur raunhæft að skipta burðarmálsdauða upp eftir sjúkrastofnunum á Íslandi því þar yrði mjög mikill breytileiki vegna fárra fæðinga. Það myndi einnig skekkja að konur sem greinast með dáið barn á minni stöðum eru sendar áfram á stærri fæðingadeildir til frekari rannsókna og framköllunar á fæðingu og er fæðingin þá skráð þar.

Vegna fárra fæðinga á Íslandi sveiflast tölur töluvert milli ára sem gerir samanburð erfiðan. Það má þó sjá að Ísland stendur vel í samanburðinum við Norðurlöndin þar sem mörg ár er Ísland með lágstan eða næst lágstan burðarmálsdauða og aldrei hæstan.

Hér má benda á að mikilvægt er að skoða burðarmálsdauða í samhengi við tíðni keisaraskurða því í löndum með háa tíðni keisaraskurða er því oft haldið fram að mikill fjöldi keisaraskurða sé nauðsyn til að bjarga börnum. Hins vegar er Ísland með eina lágstu tíðni keisaraskurða í Evrópu en jafnframt með mjög lágan burðarmálsdauða.

Tafla 20. Burðarmálsaðauði á Íslandi árin 2006-2020 (perinatal deaths in Iceland in 2006-2020)

Ár	Fjöldi fæðinga ¹	Fjöldi burðarmálsaðauða (BMD) ²	Tíðni BMD á 1.000 fæðingar (≥22 vikur og/eða 500g)	Tíðni BMD á 1.000 fæðingar (≥28vikur og/eða 1.000g) ³	Fjöldi BMD í fjölburameðgöngum	Tíðni BMD í fjölburameðgöngum á 1.000 lifandi fædda fjölbura
Year	No. of births ¹	No. of perinatal deaths (PND) ²	Proportion of PND per 1.000 births (≥22weeks and/or 500g)	Proportion of PND per 1.000 births (≥28weeks and/or 1.000g) ³	No. of PND in multiple pregnancies ²	No. of PND in multiple pregnancies per 1.000 live born multiplex
2006	4.344	21	4,8	4,1	3	16
2007	4.498	22	4,9	2,7	2	12
2008	4.783	25	5,1	3,9	4	25
2009	4.939	25	5,0	3,0	2	13
2010	4.834	22	4,5	2,4	6	43
2011	4.421	9	2,0	1,6	2	17
2012	4.450	13	2,9	2,6	2	15
2013	4.236	13	3,0	1,9	2	14
2014	4.292	19	4,4	3,2	2	14
2015	4.026	15	3,7	3,2	0	0
2016	3.968	11	2,7	2,5	1	7
2017	4.019	17	4,2	3,2	2	18
2018	4.162	12	2,9	1,9	0	0
2019	4.385	18	4,1	2,7	6	46
2020	4.455	17	3,8	2,5	3	29

Skýringar: ¹Allar fæðingar á Íslandi, óháð því hvort konan á lögheimili á Íslandi eða ekki þegar fæðing á sér stað. ²Burðarmálsaðauði er skilgreindur sem fósturdaði við meðgöngulengd ≥22 vikur og/eða fæðingarþyngd ≥ 500 grómm og dauði nýbura innan 7 daga frá fæðingu. Upplýsingar um fjölda eru fengnar úr fæðingaskrá, Landspítala-háskólasjúkrahási. ³Míðað við meðgöngulengd ≥28 vikur og/eða fæðingarþyngd ≥ 1.000 grömm

Notes: ¹All deliveries in Iceland, irrespective of mothers' country of residence. ²Perinatal death is defined as death of offspring after ≥22 gestational weeks and/or birth weight is ≥500g up to 1 week after delivery. Information on perinatal death is retrieved from Icelandic Medical Birth Registry, Landspítala University-Hospital. ³Perinatal death defined as death of offspring after ≥28 gestational weeks and/or birth weight is ≥1.000g up to 1 week after delivery. Information on perinatal death is retrieved from Icelandic Medical Birth Registry, Landspítala University-Hospital.

Liitetaulukko 15. Kuolleisuus (raskauden kesto vähintään 22 raskausviikkoa) 1975–2020

Bilagetabel 15. Dødelighetstall (22 graviditetsvecker eller mera) 1975–2020
Appendix table 15. Mortality (22 gestation weeks or more) 1975–2020

Vuosi / Year	Kuolleena syntynyt / Dödfödda - Stillborns Per 1000 syntynyt / födda / newborns					Perinataalkuolleita - Perinataalt döda - Perinatal deaths Per 1000 syntynyt / födda / newborns					Neonataalkuolleita - Neonatalt döda - Neonatal deaths Per 1000 elävänä syntynyt / levande födda / liveborns				
	Tanska / Denmark	Suomi / Finland	Islanti / Iceland	Norja / Norway	Ruotsi / Sverige / Sweden	Tanska / Denmark	Suomi / Finland	Islanti / Iceland	Norja / Norway	Ruotsi / Sverige / Sweden	Tanska / Denmark	Suomi / Finland	Islanti / Iceland	Norja / Norway	Ruotsi / Sverige / Sweden
1975	10,6	16,5	7,1	6,3
1976	10,7	16,3	6,5	6,0
1977	10,5	15,6	6,0	5,8
1978	9,1	13,5	5,4	5,2
1979	9,9	14,1	5,1	5,0
1980	9,3	13,2	4,9	4,8
1981	8,1	11,4	4,1	4,4
1982	4,2	8,7	7,4	12,2	3,3	4,4	4,1
1983	3,4	7,9	7,8	11,5	4,3	4,5	4,1
1984	4,1	7,1	6,8	10,8	2,4	4,3	3,9
1985	2,6	7,2	5,4	10,9	2,9	4,4	4,1
1986	4,6	7,3	8,5	10,2	3,9	3,8	3,6
1987	..	5,5	4,5	6,1	8,8	9,3	9,5	4,2	4,8	4,5	3,6
1988	..	5,4	4,7	6,1	8,5	8,1	9,3	3,9	3,4	4,0	3,4
1989	..	4,5	2,2	6,4	7,8	4,2	9,3	4,1	2,0	3,6	3,5
1990	..	4,8	2,5	6,9	7,9	3,8	9,7	3,8	1,3	3,6	3,4
1991	..	4,9	4,4	6,1	8,4	6,2	8,7	4,1	1,8	3,5	3,6
1992	..	4,1	4,6	6,0	7,1	7,8	8,9	3,6	3,3	3,6	3,1
1993	..	4,2	3,2	5,8	6,7	5,2	8,3	3,0	1,9	3,2	3,0
1994	..	3,9	5,2	6,2	6,8	6,5	8,8	3,4	1,3	3,2	3,0
1995	..	4,8	3,7	5,5	6,9	8,3	7,5	2,8	4,7	2,5	2,8
1996	..	4,0	6,5	6,0	6,3	9,2	8,0	2,9	2,8	2,5	2,3
1997	..	4,1	4,8	5,1	6,3	7,2	7,1	3,9	2,8	2,4	2,6
1998	..	4,2	3,4	6,1	6,6	5,7	8,2	3,1	3,0	2,4	2,6
1999	..	3,6	6,1	5,3	5,7	7,2	7,3	3,1	2,6	1,2	2,5
2000	..	4,0	4,9	5,0	5,8	6,7	7,0	3,9	2,4	1,9	2,5
2001	..	3,8	3,4	5,7	5,5	5,6	7,8	3,3	2,1	2,2	2,6
2002	3,4	3,8	3,0	4,4	..	6,1	5,5	4,4	5,9	3,3	2,2	1,5	2,2
2003	3,6	3,2	1,7	4,2	..	6,0	5,0	3,6	6,0	2,8	2,1	1,9	2,3
2004	4,7	3,3	2,6	4,5	..	7,3	5,3	5,9	5,9	3,2	2,4	0,9	2,0
2005	4,5	3,2	4,9	3,9	..	7,0	5,0	6,3	5,3	3,1	2,2	1,4	1,8
2006	4,6	3,3	4,1	4,1	..	6,8	4,9	4,7	5,7	2,7	2,1	0,7	2,2
2007	4,6	3,5	3,9	4,7	..	6,6	5,2	4,9	6,2	2,6	1,9	0,9	1,9
2008	4,2	3,2	3,5	4,4	..	6,0	4,8	5,1	5,6	2,4	2,0	1,7	1,8
2009	3,8	3,4	4,2	3,9	4,1	5,2	5,0	5,0	5,3	5,3	..	1,9	2,0	0,8	1,9
2010	3,8	2,9	3,5	3,9	3,7	5,3	4,0	4,5	4,9	4,9	..	1,8	1,5	1,0	1,6
2011	3,9	2,7	1,6	3,7	4,0	5,6	4,0	2,0	4,9	4,9	..	2,2	1,6	0,7	1,6
2012	3,6	2,7	2,4	3,6	3,9	5,3	3,9	2,9	4,8	4,8	..	2,2	1,4	0,7	1,6
2013	3,5	2,6	2,3	3,7	3,8	5,1	3,5	3,0	4,8	5,2	..	1,9	1,1	1,3	1,6
2014	3,6	2,9	3,4	4,3	4,0	5,3	3,9	4,3	5,7	5,2	..	2,0	1,4	1,4	1,8
2015	3,1	3,1	2,4	3,6	3,7	4,6	4,1	3,7	4,7	4,9	..	1,8	1,3	1,5	1,4
2016	3,2	3,0	2,7	3,5	3,6	4,5	4,1	2,7	4,5	4,8	..	1,6	1,3	0,3	1,4
2017	3,4	2,8	2,7	3,1	3,7	4,9	3,9	4,2	4,4	4,8	..	1,8	1,6	2,0	1,6
2018	2,5	2,8	1,7	3,5	3,8	3,9	4,0	2,9	4,7	4,7	..	1,6	1,6	1,4	1,6
2019	2,1	2,7	3,8	3,1	3,2	3,2	3,9	4,0	4,0	4,2	..	1,3	1,4	0,5	1,3
2020	2,5	2,6	2,4	3,0	3,1	3,5	3,7	3,8	3,8	4,3	..	1,6	1,4	1,8	1,3

Tanska: Raskauden keston ollessa tuntematon on käytetty 500 gramman syntymäpainon rajaa.
Denmark: I fall graviditetstidslängden är okänd, har man använt 500 gram som gräns.
Denmark: In cases of unknown gestational age a birth weight criteria of at least 500g have been used.

Nordic Medical Birth Register NOMBIR

https://thl.fi/documents/189940/1449591/Nordic_perinatal_appendix_tables.pdf/cf90da41-cfd0-33e2-7497-e60b85fce18a?t=1649754636241

Heimildaskrá

Töluleg gögn eru mikið til fengin úr skýrslum fæðingarskráninga fyrir árin 2011-2020 og hægt er að nálgast þær skýrslur, og eldri skýrslur aftur til ársins 2002, á vef Landspítalans.

<https://www.landspitali.is/um-landspitala/utgefing-efni/arsskyrslur/#faedingaskraningar>

Hlekkir á nýjustu skýrslurnar frá 2018, 2019 og 2020.

https://www.landspitali.is/library/Sameiginlegar-skrar/Gagnasafn/Rit-og-skyrslur/Faedingaskraningar/faedingarskraning_skyrsla_2020.pdf

https://www.landspitali.is/library/Sameiginlegar-skrar/Gagnasafn/Rit-og-skyrslur/Faedingaskraningar/faedingarskraning_skyrsla_2019.pdf

https://www.landspitali.is/library/Sameiginlegar-skrar/Gagnasafn/Rit-og-skyrslur/Faedingaskraningar/faedingarskraning_skyrsla_2018.pdf

Talnabrunnur – Fréttabréf landlæknis um heilbrigðisupplýsingar 16. árg. 10. tbl. nóv. 2022
Talnabrunnur, 16. árgangur. 10. tölublað. Nóvember 2022

Skýrsla frá Euro-Peristat 2015-2019

https://www.europeristat.com/images/Euro-Peristat_Fact_sheets_2022_for_upload.pdf

Nordic Medical Birth Register NOMBIR

https://thl.fi/documents/189940/1449591/Nordic_perinatal_appendix_tables.pdf/cf90da41-cfd0-33e2-7497-e60b85fce18a?t=1649754636241

Leiðbeiningar um val á fæðingarstað á vef Embættis landlæknis

https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/4v6kB7GjGdf3GricqPhuBR/7914fb0e11440bb2cffc40739fd3f528/Lei_beiningar_um_val_f_ingarsta_2007.pdf